

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Vinningar í happraættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happraættisins ákveður, að fengnu samþykki happraættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 6/7 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskrá vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/7 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útrætti sjóðsvinninga haldið áfram þar til miði í hverri útgefinni miðaröð happraættisins hefur hlotið vinning.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. desember 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.